

Leifsgata 14 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna breytinga á bílastæðum

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2025 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Halldórs Egilson, dags. 14. apríl 2025, um að setja bílastæði á lóð nr. 14 við Leifsgötu. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.



Loftmynd og kort af Leifsgötu 14



Séð á húsið að Leifsgötu 12, 14 og 16.

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Leifsgata 14 er á íbúðarsvæði ÍB12. Byggð sem markast af Egilsgötu, Barónsstíg, Eiríksgötu og Þorfinnsgötu nýtur hverfisverndar í flokknum Samstæður húsa og heildir, sbr. mynd 19c, bls. 143 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 240.



Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina.

Umsögn

Svæðið byggðist að mestu á árunum 1930-40 og hefur sterkan heildarsvip. Byggðin samanstendur af 2-3 hæða fjölbýlishúsum, sum með íbúðarisi og öll með kjallara. Helstu einkenni eru bárujármsklædd valmaþök, steypar og oft hvítmálaðar gluggaumgjardir, og einstaka fúnkís-stílbrögð. Svæðið er þéttbýlt og garðar eru víða vel grónir. Húsið að Leifsgötu 14 var byggt árið 1934 eftir teikningum arkitektanna Einars Sveinssonar og Sigmunds Halldórssonar.

Óskað er eftir í fyrirspurn um að koma fyrir bílastæðum innan lóðar fyrir framan hús númer 14 við Leifsgötu. Enginn fjöldi er nefndur en það viðmið sem birt er í fyrirspurninni býður upp á 1-3 bílastæði með 1-3 aðkomum / innkeyrslum.

Engin bílastæði eru sýnd á lóðinni eða skilgreind aðkoma á samþykktu mæliblaði eða á aðaluppdrætti. Flutningur bílastæða inn á lóð hefur einnig þau áhrif að það þarf að þvera göngu- og hjólastíginn fyrir hvert stæði, gera auka niðurtekt á kantstein fyrir aðkomu inn á lóðina og auk þess mun almennum bílastæðum fækka í borgarlandi.

Svæðið nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og fellur einnig í þann flokk friðunar sem kallast samstæður húsa og heildir.

- *Staðbundin, söguleg og listræn sérkenni í húsagerð og skipulagi, er gefa Reykjavík sérstöðu meðal borga, verði varðveitt og viðhaldið við þróun og endurskipulagningu byggðar.*
- *Hin sögulega gatnaskipan, lögun byggingarreita, lega opinna rýma og sjónása og lóðarstærð eru þau grunnatriði sem fyrst ber að huga að við mótun heildrænnar stefnu um*



borgarvernd. Mælikvarði byggðarinnar og heildaryfirbragð ráðast að miklu leyti af þessum grunni.

- Viðfangsefni borgarverndar í aðalskipulagi snúa einkum að verndun þessa grunnmynsturs og heildaryfirbragðs.
- Skipulagning, hönnun og uppbygging borgarinnar verður að byggjast á skilningi á sögunni, sagnfræðilegri og byggingarlistarlegri greiningu og virðingu fyrir menningararfi höfuðborgarinnar og þjóðarinnar, en endurspeglar jafnframt sinn tíðaranda og samtíma borgarhönnun.
- Hönnun og skipulagning byggðar feli í sér skilning á samhengi fortíðar og nútíðar, þar sem varðveisla á byggingar- og skipulagsarfi fortíðarinnar og efling byggingarlistar og borgarhönnunar í samtímanum haldist í hendur.
- Þróun, endurbætur og endurnýjun byggðar í grónum hverfum Reykjavíkur skal miðast við að söguleg vídd byggðarinnar skerðist eins lítið og kostur er – að byggingarsögulegt samhengi rofnist ekki. Heildarsvipmóti gróinna hverfa verði ekki raskað.
- Að varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan stað í alþjóðlegu samhengi – varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg og byggingarlistarleg einkenni.
- Stefna sem kemur fram í heftinu Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar/Snorrabrautar ásamt uppfærðu húsverndarkorti (breytt flokkun) gildi áfram og verði grundvöllur að endurskoðun á afmörkun og skilgreiningum einstakra verndarsvæða í hverfisskipulagi og deiliskipulagi innan Hringbrautar.

Í heftinu Húsvernd í Reykjavík er lögð til verndun á byggðarmynstri fyrir efri hluta Skólavörðuholts. Þar segir „Lagt er til að svip húsa verði sem minnst raskað, t.d. þak og gluggagerðum. Upprunaleg veggáferð (t.d. múrlitur) húsa haldist, þar sem hún hefur varðveist. Steyptir garðveggir setja svip sinn á margar götur og hafa mikið umhverfisgildi.“ Um svæði sem afmarkast af Barónsstíg, Egilsgötu, Þorfinnsgötu og Eiríksgötu segir „Heilsteypt og rótgróin íbúðarbyggð með vísi af randbyggingum. Byggðin endurspeglar merkar skipulagshugmyndir 3. áratugarins. Upprunalegur múrlitur hefur haldist á mörgum húsanna.“

Bílastæði innan lóðar krefðist þess að nýjar innkeyrslur yrðu gerðar frá götu. Almenn er ekki tekið jákvætt í að gera ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt til að tryggja umferðaröryggi. Einnig yrði við gerð bílastæðisins að fjarlægja garðveggi og gróður sem er áberandi hluti af götumyndinni, byggðarmynstri og yfirbragði byggðarinnar, sem nýtur hverfisverndar í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Niðurstaða

- Ekki er fallist á erindið þar sem það dregur úr umferðaröryggi og er ekki í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.
- Bent er á að ef þetta yrði samþykkt myndi almennum bílastæðum í götu fækka meira en sá fjöldi einkastæða sem kæmist fyrir inn á lóðina. Ekki er æskilegt að fjölga sérafnotastæðum í miðborginni á kostnað sameiginlegra bílastæða.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík